



Reykjavík, 30. júní 2026
USK2604330

Bárugata 20 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa vegna breytinga á húsi

Lögð fram fyrirspurn Alternance slf., dags. 22. apríl 2026, ásamt greinargerð dags. 21. apríl 2026, um að setja kvist og þakglugga á bakhlið hússins á lóð nr. 20 við Bárugötu, samkvæmt uppdrætti Alternance arkitektúr, dags. 23. febrúar 2026.



Loftmynd af Bárugötu 20 og nágrenni.



Skjaskot af götusýn af húsinu á Bárugötu 20

Skipulag í gildi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er Bárugata 20 skilgreind í íbúðarbyggð, svæði ÍB1 Framnes, í borgarhluta 01 Vesturbæ. Lóðin er á svæði þar sem byggðarmynstur og götummynd eru vernduð, svæðið er á hverfisverndarsvæði skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 nýtur Bárugata 20 verndar á grundvelli hverfisverndar innan Hringbrautar og verndun á samstæðum húsa og heilda. Viðfangsefni borgarverndar í aðalskipulagi snúa einkum að verndun grunnmynsturs og heildaryfirbragðs.

Markmið og ákvæði um hverfisvernd á svæðinu eru m.a. þessi:

- Raska skal sem minnst þak- og gluggagerðum.
- Skipulag og uppbygging taki mið af mælikvarða og hlutfalli húsa.
- Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist.
- Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi.
- Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.



Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.

Umsögn

Húsið á Bárugötu 20 er frá árinu 1926. Allar breytingar á húsinu þurfa umsögn Minjastofnunar Íslands áður en þær eru samþykktar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Í erindinu er spurt um hvort heimilt sé að setja nýjan glerkvist á norðurhlið þaks og þakglugga.

Þegar breyting er gerð á þaki í gróinni byggð þar sem hverfisvernd eða önnur verndarákvæði gilda þarf að tryggja gott samspil milli þess eldra og þess sem bætt er við. Útlit þakbreytinga þarf ávallt að taka mið af sérkennum hússins, bæði í útliti og umfangi, sem og byggðarmynstri í hverfinu.

Þegar staðsetja á kvisti og þakglugga þarf að taka mið af skurðpunktum í þakinu og kvistum og þeim þakgluggum sem fyrir eru. Forðast skal að staðsetja kvisti of nálægt öðrum kvistum, mæni, gafli, þakbrún eða skurðpunktum þaksins. Einnig ætti að horfa til útlits húsveggja, hvort reglulegt mynstur sé í gluggasetningu, útskotum, staðsetningu svala eða annarra hluta á hliðum hússins.

Almennt ættu kvistir og þakgluggar að taka mið af núverandi þakefni og hafa látlaust og létt yfirbragð. Gluggar í kvistum og þakgluggar ættu að taka mið af öðrum gluggum á húsinu, bæði hvað varðar stærð, útlit og efnis- og litaval.

Í erindinu er spurt um þakbreytingar sem felast í nýjum glerkvisti og þakglugga. Teikningar sýna glerkvist og þakglugga. Hlutföll eru ekki svo sannfærandi, um er að ræða lítið geymsluloft þar sem lofthæð er ekki mikil og rétt manngengt er fyrir miðju. Mikilvægt er að átta sig á ljósmagninu og hvort að þörf sé á þakglugga og glerkvisti eða hvort að annað hvort dugi. Breytingar sem þessar snúast um að leysa frágang og deili af mikilli næmni þar sem efnisval og allur frágangur er til fyrirmyndar.

Minjastofnunar gerir umsögn dags. 15. apríl 2026. Í umsögn er ekki gerðar athugasemdir við uppdrátt frá Alternance.

Niðurstaða

Jákvætt er tekið í þær breytingar sem birtast í erindinu. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við glerkvist og þakglugga á bakhlið hússins. Nákvæm staðsetning og hlutföll er mikilvægt að vinna af næmni og vel ígrundaðri hönnun, efnisvali og frágangi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík

